



Skýrsla stjórnar Myndstefs. Lögð fram af formanni á aðalfundi samtakanna 16. júní 2016

1. Styrkúthlutanir

Á árinu 2015 samþykkti stjórn Myndstefs sömu upphæð á styrkjum Myndstefs og árið áður. Úthlutaði stjórn Myndstefs samtals kr. 8.250.000.- í þá styrki. Um var að ræða verkefnastyrki þar sem hver styrkuppheð nam kr. 300.000.- og var alls úthlutað 22 slíkum styrkjum að upphæð kr. 6.600.000.-. Ennfremur var úthlutað 11 ferða- og menntunarstyrkjum, hver styrkur að upphæð kr. 150.000.- eða samtals kr. 1.650.000.-. Töluvert færri sóttu um en gert hefur verið síðustu ár.

Veittur var áður umsaminn styrkur í ferða- og dvalarsjóðinn Mugg að upphæð 400.000.-.

Myndstef hélt áfram að styrkja SÍM mánaðarlega til reksturs að upphæð 45 þúsund eins og samið var um á árinu 2013. Styrkurinn er veittur úr fylgiréttarsjóði og mun verða endurskoðaður árlega.

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það af hálfu stjórnar Myndstefs hversu miklum fjármunum verði varið í styrkveitingar á þessu ári, en sú ákvörðunartaka er í höndum stjórnar Myndstefs. Formaður mun í fullu samráði við endurskoðanda samtakanna leggja tillögu að upphæð fyrir stjórn Myndstefs. Er það í samræmi við varfærnislegar ákvarðanir stjórnar Myndstefs á undanförunum árum.

2. Samningamál

Frá síðasta aðalfundi hefur verið lokið við heildarsamninga við 365 og Skjáinn varðandi birtingu á myndverkum sem njóta lögvarinnar höfundarverndar í tengslum við starfsemi þessara sjónvarpsstöðva. Samningar þessir voru í samræmi við núgildandi samning milli Myndstefs og RÚV. Því ber að fagna að þessi samningar séu komnir í höfn. Í nýjum

breytingum á höfundalögunum er nú komin inn klausa um samningskvaðaleyfi sem veitir Myndstefi fulla heimild til að gera slíka heildarsamninga.

3. Fylgiréttargjöld

Á árinu 20143 námu innheimt fylgiréttargjöld rúmlega 13,3 milljónum, og af því runnu tæplega 6,3 milljónir til viðeigandi myndlistamanna. Þá runnu um tæplega 3,5 milljónir til starfslaunasjóðs.

Skil frá flestum galleríunum gengur ágætlega en þrátt fyrir það eru enn mál sem skrifstofan vinnur að nú í dag. Meðal annars snúa þau að Listamönnum – Innrömmun og Gallerí Bakarí. Í annað sinn á síðustu tveimur árum hefur verið lögð inn beiðni um aðför gegn Listamönnum og verður hún tekin fyrir hjá sýslumanni bráðlega. Eins og áður var ákveðið tekur skrifstofan á þessum málum með festu.

4. Aðild Myndstefs að Fjölís og IHM

Myndstef er aðili að höfundaréttarsamtökunum Fjölís sem innheimta gjöld vegna ljósritunar á höfundavernduðu efni. Myndstef fær í sinn hlut 23,5% af aðaltelkjulind Fjölís, greiðslum frá menntamálaráðuneyti vegna ljósritunar á vernduðu höfundaefni í skólum og síðan minni hundraðshluta af öðrum tekjuliðum Fjölís allt eftir eðli máls. Á árinu 2015 komu rúmlega 17,2 milljónir í hlut Myndstefs frá Fjölís. Erfiðlega hefur gengið að fá Menntamálaráðuneytið til þess að endurnýja samninga og bæta við þá stafrænni notkun, Fjölís gerði könnun í háskólum sem sýndi miklu meiri notkun en greitt er fyrir og hlutur Myndstefs er stærri en talið var.

Af hálfu Myndstefs hefur verið lögð á það áhersla að stjórn Fjölís setji í forgang að landa samningum við ríki og sveitarfélög um notkun verndaðra höfundaverka í stafrænu umhverfi bæði hvað varðar kennslu í grunnskólum og framhaldsskólum. Erfitt hefur reynt að klára þá samningagerð vegna undanbragða stjórnvalda.

Tekjur Myndstefs frá IHM voru kr. 250.000.- á árinu 2015 og fara þær tekjur stöðugt lækkandi milli ára. Tekjustofn IHM er nánast horfinn og er í dag aðeins brot af því sem hann var fyrir aðeins 10 árum. Ekki hefur gengið að fá stjórnvöld til þess að samþykkja nýja tekjustofna í stað DVD og CD diska, en samtökin hafa nýlega ýtt duglega á ráðherrann með hótunum um aðgerðir.

Það er því ljóst að Myndstefi er áfram nauðsynlegt að fylgjast vel með þessari þróun og taka þátt í þeirri vinnu sem framundan er varðandi þessi mál.

5. Skrifstofa Myndstefs og starfsmannahald

Ólöf Pálsdóttir skrifstofustjóri og Harpa Fönn Sigurjónsdóttir lögfræðingur eru enn fastir starfsmenn hjá skrifstofu samtakanna. Ráðinn var inn lögræðinemi tímabundið (4 tíma í viku, 60 klst samtals) í starfsnámi eftir áramótin síðustu líkt og á síðasta ári og reyndist það aftur mjög vel.

6. Samstarf við erlend höfundaréttarsamtök

Samstarf hefur verið með Myndstefi og CopyDan, BUS, Kuvasto og BONO þ.e. systursamtaka Myndstefs á Norðurlöndunum. Samstarfið fellst aðallega í því að fulltrúar frá þessum samtökum hittast einu sinni á ári til skiptis í höfuðborgum landanna, upplýsa það sem er efst á baugi í höfundarétti í hverju landanna fyrir sig og bera að öðru leiti saman bækur sínar. Að auki innheimta félögin greiðslur til handa félagsmönnum allra samtakanna. Í lok árs 2015 hittust samtökin í Kaupmannahöfn hjá CopyDan og héldu fund. Var þessi fundur einstaklega vel heppnaður og gott fyrir samtökin að bera saman bækur sínar. Við getum lært mikið af reynslu hvors annars enda samskonar baráttumál sem upp koma og mismunandi á hvaða stigi hvert land er hverju sinni. Eftir þann fund fóru Ragnar Th. og Ólöf á fund við CopyDan til að kynna sér greiðslu- og skráningarkerfi þeirra. Þar buðust Danirnir til að taka yfir þennan hlut starseminnar í stað þess að Myndstef myndi láta búa til nýtt kerfi frá grunni sem er mjög kostnaðarsamt. Ákveðið var á stjórnarfundum Myndstefs eftir á að kanna þennan möguleika alvarlega. Nú nýverið komu Danirnir á fund okkar hér hjá Myndstefi og lítur út fyrir að þetta samstarf geti orðið að möguleika. Danirnir hafa þróað kerfi sitt í 25 ár og eiga nú gríðarlega öflugt og öruggt kerfi sem er samkvæmt reglum ESB og Norðurlandanna, allar presónugreinanlegar upplýsingar eru í sér skýi sem er sérstaklega verndað og er ekki tengt út á internetið til öryggis.

7. Lokaorð

Eins og undanfarin ár höfum við verið að rembast við að endurnýja og gera samninga við ríkið bæði beint og þau önnur félög sem Myndstef er aðili að. Ráðherrar láta ekki ná í sig embættismenn hafa ekki umboð eða málum er víxlað milli ráðuneyta í þeim tilgangi einum að tefja, því á meðan ekki er samningur á borðinu eru engar greiðslur. Hjá okkur eins og öðrum er þolinmæðin á þrotum og kominn tími til að klára hlutina.

Ragnar Th Sigurðsson